

Agrip

af reikningi styrktarsjóðs skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa 1894.

Tekjur:	Kr. au.
1. Innstæða í landsbankanum 31. des 1893	134 01
2. Árstíllög 29 fjelagsmanna	58 00
3. Inntökugjald 4 manna	12 00
4. Spilavinningar frá fjelagsmönnum	1 12
5. Gjafir 9 manna	75 00
6. Tekjur af «Tombólu»	494 12
7. Ógildið fje fyrir tombólumuni, selda við uppboð 30. des. 1894	129 65
8. Vextir af innstæðu til 31. desbr. 1894	5 10
	<hr/> Kr. 909 00

Gjöld:	
1. Í landsbankanum 31. desbr. 1894	210 23
2. Hjá gjaldkera s. d.	569 12
3. Til jafnaðar móti tekjulið 7	129 65
	<hr/> Kr. 909 00

Útdregið úr reikningi Marteins Teitssonar, dags. 19. jan. 1895.

Auglýsing

um styrkveitingar til sveitakennara.

29. okt.

Það auglýsist hjer með almenníngi, að auglýsing landshöfðingja um skil-yrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara, dags. 16. nóv. 1889 (Stj.tíð. 1889 B, bls. 141), er hjer með breytt þannig, að umsóknarbrjefin þurfa eptirleiðis ekki að vera send stíptsyfirvöldunum fyrr en svo, að þau sjeu komin til þeirra í síðasta lagi fyrir miðjan ágústmánud ár hvert. Skýrslan um kennsl-una á að vera rituð á eyðublöð þau, sem út hafa verið gefin í því skyni.

Reykjavík 29. okt. 1895. Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Styrkveitingar úr landssjóði

samkvæmt fjárlögnum fyrir árin 1894 og 1895, 13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og veizlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja, dags. 24. okt., veittur þessi styrkur fyrir 1895: